# BREYTING Á DEILISKIPULAGI "SUÐURHLÍÐA"

# VEGNA KLETTASKÓLA SUÐURHÍÐ 9




Skýringarmynd, tímabundnar kennslustofur




Gildandi deiliskipulag fyrir Suðurhlíð 9 / Klettaskóla, samþykkt í borgarráði 2. maí 2019, öðlaðist gildi 28. júní 2019, mkv. 1:1000.




Tillaga að deiliskipulagsbreytingu, mkv. 1:1000
Nýjar tímabundnar kennslustofur.




**AÐALSKIPULAG**
Hluti úr aðalskipulagi Reykjavíkur 2040
Mkv. 1 : 20.000

SKÝRINGAR:

- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- LÓÐARMÖRK
- GIRÐING
- KVÖÐ UM HITAVEITULÖGN (skv. mæliblaði, skr. 1990)
- BYGGINGARREITUR
- NÚVERANDI BYGGING
- GÖTUR
- LEIKSVÆÐI OG STÍGAR
- GRÓIÐ SVÆÐI / TRJÁGRÓÐUR
- BÍLASTÆÐI
- REITUR FYIR TÍMABUNDNAR KENNSLUSTOFUR




Skýringarmynd, tímabundnar kennslustofur

## Greinargerð

Í gildi er deiliskipulag, Suðurhlíðar, samþykkt í borgarráði þann 28. nóvember 1989 með breytingu varðandi lóð Klettaskóla sem samþykkt var í borgarráði þann 2. maí 2019. Tillaga að deiliskipulagsbreytingu tekur til lóðarinnar nr. 9 við Suðurhlíð, sem er lóð Klettaskóla.

Breytingin felst í því að gerður er nýr byggingarreitur fyrir fjórar tímabundnar kennslustofur og byggingarmagn eykst sem því nemur. Ástæða breytingarinnar er mikil fjölgun nemenda í skólanum að undanförnu, og fyrirsjáanleg fjölgun á næstu árum.

Helstu stærðir í samþykktu deiliskipulagi:

| | |
|---|---|
| Lóðarstærð: | 17.223 m² |
| Byggingarmagn: | 7.500 m² |
| Bílastæði á lóð: | 31 |
| Samnýtt bílastæði utan lóðar: | 20 |

## Skilmálar

Byggingarreitur fyrir tímabundnar kennslustofur er stækkaður þannig að hægt sé að fjölga úr fjórum í átta kennslustofur.

Hámarksbyggingarmagn á lóðinni er jafnframt aukið um 500 m².

Helstu stærðir skv. tillögu að deiliskipulagsbreytingu:

| | |
|---|---|
| Lóðarstærð: | 17.223 m² |
| Byggingarmagn: | 8.000m² |
| Bílastæði á lóð: | 31 |
| Samnýtt bílastæði utan lóðar: | 20 |

Hámarkshæð á byggingarreit fyrir tímabundnar kennslustofur verður 4,5 m, frá gólfkóta 38,41..

Aðlaga skal lóð að inngöngum tímabundinna kennslustofa þannig að kröfur um aðgengi fyrir alla séu uppfylltar. Vanda skal frágang, þannig að nýjar tímabundnar stofur og tilheyrandi aðlögun lands falli vel að umhverfinu.

Aðrir skilmálar eru óbreyttir.




1:100 0 1 2 3 4 5 m

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í/á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 30. mars 2023

Tillagan var grenndarkynnt frá 22. febrúar 2023 með athugasemdafresti til 22. mars 2023.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 26. júní 2023

# KLETTASKÓLI

**BREYTING Á DEILISKIPULAGI "SUÐURHLÍÐA"**
**DAGS. 15.12.22** **BLAÐ 1 AF 2**


ARKITEKTASTOFAN
Garðar Guðnason · Sigurður Gústafsson
Síðumúla 28 IS-105 Reykjavík Sími 562 6833
arkitektastofan@arkitektastofan.is www.arkitektastofan.is